

Ás vinnustofa

1981. Ás vinnustofa hefur starfsemi í 150 ferm. í Lækjarási við Stjörnugróf þann 22. október. Þá starfa þar 12 starfsmenn með fötlun.

1984. Ás vinnustofa flytur í 350 ferm. Húsnæði að Brautarholti 6 í desember. Starfsmenn með fötlun eru 20 í 16 heilum stöðum.

1991. Brautarholt 4a tekið í notkun og við það stækkar húsnæði vinnustofunnar í 650 ferm. Fatlaðir starfsmenn eru 34 í 27 heilum stöðum

1996. Starfsemi Hlínar hf flutt í Ás vinnustofu. Fatlaðir starfsmenn eru 41 í 30 heilum stöðum

2002. Unnið að endurskipurlagningu starfseminnar og aðlaga hana betur að breyttri og þyngri þjónustupörf.

2014. Starfsmenn Áss vinnustofu eru 54 í 32 heilum stöðum.



Daglegur vinnutími er frá kl 8:30 – 16:30. Morgunhressing, léttur hádegisverður og síðdegishressing er framreitt á staðnum. Yfir vetramánuðina gefst starfsfólki kostur á að fara í heimsóknir á aðra vinnustaði.

Forstöðuþroskaþjálfari:

Halldóra Þ. Jónsdóttir

Ás vinnustofa

Kópavogsbraut 5b
200 Kópavogur
Sími: 414 0530

www.styrktarfelag.is



Ás vinnustofa

Kópavogsbraut 5b, 200 Kópavogur
Sími: 414 0530, Fax: 562 1642
Netfang: asvin@styrktarfelag.is

22. október
1981 - 2014



Um Ás vinnustofu

Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður fyrir fatlaða, rekinn af Ási styrktarfélagi.

Í Ási vinnustofu er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuaðstöðu sem sniðin er að þörfum og getu hvers og eins. Áhersla er lögð á að efla sjáfsöryggi einstaklingins og starfshæfni með það að markmiði að starfa á almennum vinnumarkaði.

Í Ási vinnustofu er starfrækt saumastofa þar sem framleiddir eru ýmsar gerðir heimilisklúta, ásamt hárlæðum, handklæðum, bleium og gömlu góðu diskapurrkunum. Þá eru unnin margskonar pökkunarverkefni fyrir fyrirtæki t.d plöstun, vörur merktar og fleira.

Starfsmönnum í Ási vinnustofu eru greidd laun samkvæmt samningum við Eflingu stéttarfélag að undangengnu starfsmati og með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Í Ási vinnustofu starfa nú 54 fatlaðir starfsmenn í 32 stöðum á aldrinum 21 – 65 ára.

Leiðbeinendur eru tíu þarf af eru þroskaþjálfar, félagsliði, stuðningsfulltrúi ásamt matartækni. Þá er góður aðgangur að ráðgjöfum Áss styrktarfélags ef þörf krefur.

Ás vinnustofa er hluti af vinnu og virkni tilboðum sem eru innan Áss styrktarfélags.

